

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1992

8. október 1992

749

Nr. 377

SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Krossgötur.

1. gr.

Trúfélagið Krossinn setur hér með á fót sjálfseignarstofnun, sem heitir Krossgötur. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi. Trúfélagið Krossinn ber enga fjárhagslega ábyrgð á sjálfseignarstofnuninni nema með stofnfé hennar.

2. gr.

Trúfélagið Krossinn leggur fram sem stofnfé kr. 1 000 000 til Krossgatna. Annað stofnframlag stofnunarinnar er: 1) Fasteignin að Álfhólsvegi 32, efri hæð, Kópavogi, sem keypt var af Trúfélaginu Krossinum þ. 1. apríl 1990 á kr. 7 500 000 fyrir söfnunarfé og 2) kr. 450 000 í peningum, sem er söfnunarfé, þar af eru kr. 420 000 bundnar inni á bankareikningi í útibúi Íslandsbanka hf. í Hamraborg, Kópavogi.

3. gr.

Langtímamarkmið stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a) Að styrkja fólk, sem á við félagslegan vanda að etja, s.s. vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímugjafa, til að öðlast sjálfstæði og ná fótfestu í samfélaginu.
- b) Að reka verndað áfangaheimili.
- c) Að byggja og reka félagslegt húsnæði í þágu skjólstæðinga þess.
- d) Að safna, taka við og ráðstafa fé til byggingar og reksturs félagslegra íbúða, nauðsynlegrar aðstoðar við skjólstæðinga sína eða annarrar skyldrar þjónustustarfsemi.

Markmiðum þessum hyggst stofnunin m. a. ná með því að reka verndað áfangaheimili og jafnframt koma upp og reka almennar og/eða félagslegar kaupleiguíbúðir eða félagslegar leiguíbúðir í þágu félagsmanna sinna.

4. gr.

Peningar þeir sem stofnunin eignast skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Tekjum stofnunarinnar skal einungis ráðstafað til starfsemi sem samrýmist langtímamarkmiðum hennar skv. 3. gr.

5. gr.

Þeir einir eiga rétt til leiguíbúða á vegum stofnunarinnar, sem búa við erfiðar aðstæður, eiga ekki íbúð eða aðra samsvarandi eign og hafa haft tekjur, sem eru undir þeim tekju-mörkum, sem fram koma í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þeir einir koma til greina við úthlutun kaupleiguíbúða á vegum stofnunarinnar sem uppfylla skilyrði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um rétt til kaupa á félagslegri íbúð. Þeir sem fá úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð á vegum stofnunarinnar skulu geta valið eftirfarandi:

- a) Leigu með kauprétti.
- b) Leigu með kaupum á eignarhlut í íbúð.
- c) Kaup á íbúð á kostnaðarverði.

6. gr.

Stofnunin rekur sjálf alla sameign íbúðarhúsa sinna ásamt félagsaðstöðu, nema hún fái þriðja aðila í hendur hluta þess verkefnis. Þetta felur m.a. í sér að stofnunin sér um allt viðhald og umhirðu húsa að utan, lóðar, sameignar innanhúss og félagsaðstöðu. Stofnunin sér um að húseign í heild sé vel við haldið. Hver húseining/framkvæmd verður rekin sem sjálfstæð rekstrareining.

7. gr.

Stofnunin setur reglur um réttindi og skyldur íbúa, gerir samning við hvern íbúa þar sem fram koma skyldur og réttindi stofnunarinnar annars vegar og íbúa hins vegar og skulu báðir aðilar undirrita samninginn áður en íbúð er afhent.

8. gr.

Stofnunin hefur þriggja manna stjórn og þrjá varamenn, sem tilnefndir skulu af stjórn Krossins til tveggja ára í senn.

9. gr.

Aðalfund stofnunarinnar skal halda fyrir 30. júní ár hvert. Stjórn stofnunarinnar hefur ein atkvæðisrétt á aðalfundi. Á aðalfundi hafa auk stjórnar stofnunarinnar rétt til setu 3 fulltrúar frá Krossinum, tilnefndir af stjórn Krossins og einn fulltrúi húsfélags, sem rekið er á vegum stofnunarinnar. Formaður stjórnar boðar til aðalfundar með 14 daga fyrirvara hið minnsta. Ákvarðanir aðalfundar eru þó því aðeins lögmætar, að meiri hluti stjórnar sé á fundi eða varamenn þeirra. Hætti stjórnarmaður þátttöku í stjórn skal stjórn Krossins tilnefna nýjan stjórnarmann.

10. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar, enda tilgreini þeir fundarefni. Stjórnarfundi skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á fundum og skulu allir stjórnarmenn sem á fundi eru undirrita fundargerðina. Þeim stjórnarmönnum sem ekki eru á fundi skal senda afrit fundargerða.

Allar ákvarðanir stjórnar verða að samþykkingast af meirihluta hennar. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til allra meiriháttar fjármálalegra ákvarðana.

11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar hennar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og síðan lagðir fyrir stjórnina til samþykktar á aðalfundi. Ársreikningar stofnunarinnar skulu gerðir opinberir þegar þeir hafa hlotið samþykki stjórnar. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórnin senda Ríkisendurskoðun og Húsnæðisstofnun ríkisins reikning stofnunarinnar fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fjármunum hennar var ráðstafað á því ári.

12. gr.

Stjórnin ræður gjaldkera stofnunarinnar úr sínum hópi. Gjaldkeri er vörsluaðili sjóða stofnunarinnar og sinnir skrifstofuhaldi sem rekstri fylgir. Gjaldkeri hefur þrókúru fyrir stofnunina og þiggur laun fyrir störf sín skv. ákvörðun stjórnar.

13. gr.

Samþykki stjórnin að slíta stofnuninni skulu eignir hennar og rekstur yfirtekinn af öðrum félagsamtökum með sambærileg markmið samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar, enda hljóti viðkomandi samþykki dómsmála- og félagsmálaráðuneytis til yfirtökunnar. Stjórn stofnunarinnar getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé fyrirhugaðra breytinga getið í fundarboði og þær samþykktar af meirihluta stjórnar á tveimur fundum í röð. Breytingarnar ná því aðeins fram að ganga að þær hljóti staðfestingu dóms- og félagsmálaráðuneytis.

14. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins og reglugerð um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna nr. 46/1991 um félagslegar íbúðabyggingar á vegum félagsins.

15. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.